

Fundur í stjórn JA 13. ágúst 2019

Mættir: Ágúst, Aníta, Inga Huld, Hafdís, Jónína, Berglind og Helga

1. Heimsóknir Teresu og Nadine

Rætt um heimsókn Teresu til Íslands, skipulag skólaheimsókna og námskeiðs. Nokkrir skólar hafa óskað eftir heimsókn og ráðgjöf frá henni, Helga heldur utan um tímasetningar og samskipti við Teresu vegna þessara heimsókna. Athuga þarf með kostnað vegna ráðgjafar. Verðlisti sem Teresa sendi og hún notar er notaður til viðmiðunar. Teresa mun halda 2ja daga námskeið þar sem fjallað verður sérstaklega um Trauma. Hún óskar eftir því að þeir sem sækja námskeiðið hafi lokið 2ja daga réttindanámskeiði. Námskeiðið verður 20. og 21. september. Rætt um verð á slíku námskeiði, niðurstaðan að námskeiðið kosti 30.000,- fyrir félagsmenn og 35.000,- fyrir aðra. Námskeiðið verður haldið á vegum JA samtakanna. Ágúst kannar með húsnæði fyrir námskeiðið. Námskeiðið verður auglýst á heimasíðu og Facebook síðu samtakanna þegar endanlegt skipulag verður komið. Helga og Aníta skipuleggja dvöl Teresu og Jim á Íslandi og verða í sambandi við Teresu vegna þess. Rætt um að halda kvöldverðarboð handa Teresu.

Nadine kemur í lok október, ásamt fjölskyldu sinni. Hún flýgur til Akureyrar og Helga sækir hana og fer með henni til Húsavíkur þar sem hún byrjar vinnu með leikskólanum Grænuvöllum og verður síðan með tveggja daga námskeið fyrir stjórnendur í sveitarfélaginu. Hún mun síðan bjóða upp á námskeið fyrir stjórnendur, haldið á Akureyri 4.-5. nóvember. Ágúst hefur bókað húsnæði og Nadine hefur sent námskeiðslýsingu. Námskeiðið verður auglýst á heimasíðu JA og Facebook síðunni. Ekki eru gerðar kröfur um að þátttakendur hafi lokið 2ja daga námskeiði en mikilvægt er að þeir hafi einhverjar grunnþekkingu á JA. Helga og Aníta verða í sambandi við Nadine vegna heimsóknar hennar og skipuleggja dvöl hennar og fjölskyldu hennar hér á landi.

2. Önnur mál

A) Enn eru að bætast við skólar sem velja að starfa eftir hugmyndafræði JA og hafa fengið námskeið til þess að innleiða stefnuna.

B) Ágúst greinir frá stöðu vegna þýðingarmála, enn er beðið átekta eftir nýrri útgáfu af Handbókinni. Hægt verður að byrja á endurskoðun þýðingar um leið og hún kemur og hefjast handa við að þýða leikskólabókina, eftir Cheryl og Steven. Jónína ætlar að yfirfara hvort til séu þýðingar á æfingum fyrir leikskólann til þess að styðjast við. Jónína lagði til að hún og Helga héldu utan um þýðingar á leikskólabókinni, en einnig var rætt um að fá fleiri að verkinu og hafði fólk til dæmis boðið fram krafta sína í þýðingarvinnu á aðalfundinum (Kristin Sigurðardóttir). Mikilvægt verður að samræma hugtakanotkun og lesa vel yfir bækurnar saman.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir